



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á afmælisráðstefnu
Hrafnistu og Sjómannadagsráðs
um lífsgæði aldraðra
21. nóvember 2017**

Starfsfólk Hrafnistuheimilanna,
aðrir góðir gestir

Ég fagna þessu framtaki, að boða til afmælisráðstefnu um lífsgæði aldraðra. Ærin eru tilefnin. Í ár fagnar Sjómannadagsráð 80 ára afmæli, ráðið var stofnað 25. nóvember 1937. Hrafnista í Reykjavík var tekin í notkun á Sjómannadeginum fyrir 60 árum og fyrir 40 árum var Hrafnistuheimilið í Hafnarfirði opnað. Böndin við útveg og sjómennsku eru ekki eins sterk og þau voru í fyrstu en sjálfsagt er þó að hampa þeim og muna. Þá liggur beinast við að rifja upp hið kjarnyrta kvæði Arnar Arnarsonar um hetjur hafsins:

Íslands Hrafnistumenn
lifðu tímamót tvenn,
þó að töf yrði á framsóknar leið.
Eftir súðbyrðings för
kom hinn seglprúði knörr,
eftir seglskipið vélknúin skeið.
En þótt tækjum sé breytt,
þá er eðlið samt eitt –
eins og ætlunarverkið, er sjómannsins beið.

Á Hrafnistuheimilunum er ætlunarverkið líka hið sama þrátt fyrir breytta tíma, að veita öldruðum öruggt skjól á ævikvöldi. Í dag hafa þegar verið fluttir merkir fyrirlestrar um Hrafnistu í nútíð og framtíð, horfur í öldrunarmálum, lífsgæði og heilsu aldraðra. Allt eru þetta alvörumál, rétt eins og staða aldraðra í samfélaginu í víðu samhengi. Þar eru mörg álitamál og úrlausnarefni og þarf aðeins að rifja upp ýmsar nýlegar fréttir því til sannindamerkis: Deilt er um frítekjumark og lífeyri eldri borgara.

Svo er bið eftir rými á hjúkrunar- og dvalarheimilum, og bið eftir aðgerð á sjúkrahúsum. Það er í verkahring ráðamanna að bregðast við óskum og þörfum samfélagsins í þessum efnum. Velferðarkerfið verður að rísa undir nafni. Þess væntum við öll sem búum í okkar góða landi og eigum að njóta saman gæða þess.

Góðir áheyrendur, hagsmunir og sjónarmið aldraðra eru auðvitað alvörumál og þau verða áfram til umræðu hér í dag. Engu að síður má líka slá á léttu strengi, það gerði Ari gamli Eldjárn svo vel hér áðan og hláturinn lengir lífið. Efri ár þurfa einmitt ekki að vera mörkuð mæðu og trega. Vissulega getur fólk mætt mótbyr þá og vissulega hefur mörgum verið tamt að tengja elli við hnignun og hrumleik. „Mínir vinir fara fjöld“, kvað Bólu-Hjálmar á sinni tíð. „Mér er orðið stirt um stef“, sagði hann einnig ellimóður.

Kveðskapurinn er kynngimagnaður en má ekki teljast neinn stóridómur um ævikvöldið. Frekar kýs ég hér að vitna í fagra lýsingu Stephans G. Stephanssonar á þeirri víðsýni og reynslu sem safna meggi á langri lífsleið:

Láttu hug þinn aldrei eldast eða hjartað.
Vinur aftansólar sértu,
sonur morgunroðans vertu.

Hér á skáldið við að fólk skuli virða það sem því var kennt í æsku, vera sonur morgunroðans, en kunna um leið að meta í elli nýja tíma og siði, vera vinur aftansólar. Í bókmenntum og bíómyndum eigum við líka góðar dæmisögur um gamalmenni sem neita að leggjast í kör, til dæmis gamlingjann sem skreið út um gluggann og hvarf á vit ævintýra í stað þess að fagna aldarafmæli sínu á elliheimilinu. Og svo getur alltaf eitthvað óvænt gerst í daglega lífinu. Fyrir skemmstu las ég á fésbók frásögn manns sem heyrði síma ungs manns í vinahópi hringja í afgreiðslusal sundlaugar. „Nei hæ, gott að heyra í þér,“ svaraði sá ungi og bætti við eftir að hafa hlustað stundarkorn: „Ég er reyndar upptekinn á leið í sund núna. Heyrðu – ég kem til þín annað kvöld, kaupi kínverskt og við borðum saman. Nú, borðarðu ekki kínverskt? Ég kem með eitthvað annað og við höfum það kósý.“ Eitthvað segir viðmælandinn þá en svo lýkur samtalinu með þessum orðum: „Bless amma mín, hlakka til að sjá þig.“ Skella þá ekki félagar mannsins upp úr en hann horfir hissa á þá: „Eruð þið að hlæja að mér af því ég er að tala við ömmu mína?“ – „Ja,“ svarar einn þeirra þá, „við héldum að þetta væri eitthvert „deit“.“ En vinur þeirra átti síðasta orðið: „Hún amma mín sem er 86 ára er miklu merkilegri en hvaða „deit“ sem er.“

Kæru vinir, ég hef sagt það áður og segi það enn: Við skulum ekki búa til óþarfa kynslóðabil. Við, sem yngri erum, getum einmitt lært svo

margt af hinum eldri. Við stöndum jafnframt í þakkarskuld við þá sem hafa lagt sitt af mörkum á langri ævi. Eldri borgarar eiga svo sannarlega skilið að njóta launa erfiðisins, áhyggjulausir í fagurri elli. Ég hlakka til að hlýða á næstu erindi hér í dag. Vonandi miðar okkar áfram á þeirri braut að auka lífsgæði aldraðra hér á landi.